

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 25. mars 2010 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-23/2010.

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 24. febrúar sl. bað X, hér eftir einnig nefnd álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna kaupa á tölvu hjá Y 30. ágúst 2006. Tölvuna segir hún gallaða og krefst þess að seljandi greiði fyrir nýja viðgerð á móðurborði hennar og endurgreiði henni reikning fyrir fyrri viðgerðarkostnað að fjárhæð kr. 19.203.

II

Málsmeðferð kæruneftndarinnar

Með bréfi, dags. 25. febrúar sl., gaf kæruneftndin seljanda kost á andsvörum. Hinn 3. mars bárust andsvör frá fyrirtækinu Z, en þar kemur fram að það fyrirtæki hafi hinn 30. nóvember 2008 keypt lausafjármuni og birgðir af því fyrirtæki sem seldi álitsbeiðanda tölvuna sem orðið hafi gjaldþrota. Með bréfi dags. 5. mars var álitsbeiðanda gefinn kostur á því að gera athugasemdir við andsvörin og frestur til þess til 15. mars. Engar athugasemdir bárust. Með bréfi, dags. 19. mars sl., var aðilum tilkynnt að kæruneftndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Samkvæmt reikningi sem fylgdi álitsbeiðninni keypti álitsbeiðandi tölvu af gerðinni A, 30. ágúst 2006, hjá Y og kostaði hún kr. 296.722. Álitsbeiðandi segir að fyrir u.þ.b. mánuði síðan (álitsbeiðni er móttækin 24. febrúar sl.) hafi tölvan frosið og ekki verið hægt að ræsa hana, aðeins hafi komið blámi á skjáinn. Hún hafi farið með tölvuna til viðgerðar hjá Z þar sem skipt hafi verið um stýrikerfi og settur í nýr minniskubbur. Samkvæmt reikningi frá Z dags. 15. febrúar, kostaði þessi viðgerð kr. 19.203. Álitsbeiðandi segir að tveimur dögum seinna hafi sama bilun komið í ljós. Hún hafi þá farið með tölvuna til viðgerðar hjá sama aðila og hafi komið í ljós að móðurborðið væri bilað og að um kr. 200.000 kostaði að lagfæra þá bilun. Starfsmaður hjá viðgerðaraðilanum hafi sagt sér að tölva af þessari gerð ætti að endast í 5-7 ár. Þar sem tölvan sé aðeins 3ja og hálfis árs gömul telji hún sig eiga rétt á því að gallinn falli undir 5 ára kvörtunarfrest. Sér hafi svo verið sagt að hún fengi fyrri viðgerðina endurgreidda en tölvan væri aðeins í tveggja ára ábyrgð og því þyrfti hún sjálf að greiða fyrir viðgerð á móðurborðinu. Álitsbeiðandi kveðst ávalt hafa farið vel með tölvuna og hún aldrei orðið fyrir neinu hnjaski.

IV

Andsvör seljanda

Í andsvörum Z segir m.a. eftirfarandi:

„Z, núverandi umboðsaðili á Íslandi keypti lausafjarmuni og birgðir af þrotabúi B, fyrrum umboðsaðila þann 30.11.08 og hóf innflutning og sölu á Y búnaði 01.12.2008 undir eigin kennitölu. 31.12.2008 var undirritaður samningur við Y þar sem Z varð umboðsaðili Y á Íslandi. Z yfirtók ekki ábyrgðarskyldu gjaldþrota umboðsaðila.

Í andsvörunum er lýst viðgerð sem fram hafi farið samkvæmt verkbeiðni frá 27. janúar sl. og þykir ekki ástæða til að rekja þá lýsingu hér. Þá segir eftirfarandi í andsvörunum:

„23.02.2010 er komið með tölvuna að nýju á verkstæði Z. og verkbeiðni nr. ÞP0535088 stofnuð. Í athugasemdum vegna bilunar kemur fram að vélin hafi verið hér viku áður og hafi virkað í 2 daga en svo er bilun farin að sýna sig aftur, getur ekki ræst tölvuna. Tæknimaður skoðar vélina að morgni 24.02.2010, álitur að fyrri viðgerð hafi ekki verið fullnægjandi og telur að skipta þurfi um móðurborð þar sem villuboð tengd móðurborði komu fram við prófanir 24.02.10, villuboðin komu ekki fram við fyrri prófanir á fyrra verki, tæknimaður upplýsir viðskiptavin um orsök bilunar, ennfremur er viðskiptavini boðin endurgreiðsla á fyrri viðgerð að lágmarks skoðunargjaldi frádrægnu eða kr. 4.738.- Ekki eru frekari skráningar á upplýsingum að ræða en gera má ráð fyrir að tæknimaður hafi upplýst um mögulegan kostnað vegna skipta á móðurborði tölvunnar og að hann yrði ekki greiddur af Z. þar sem Z var ekki söluaðili vélarinnar.

Varðandi kröfu X um að seljandi greiði fyrir nýtt móðurborð í tölvuna vísar Z til þess að söluaðili tölvunnar var B og er því Z óviðkomandi og hafnar þeirri kröfu.

Varðandi kröfu um endurgreiðslu á fyrri viðgerð er vísað til þess sem fram kemur hér að ofan um að boðin er endurgreiðsla fyrri viðgerðar að frádrægnu lágmarks skoðunargjaldi kr. 4.738.- sem til fellur vegna bilanagreiningar og lágmarks umsýslu. Á meðfylgjandi viðgerðarbeiðni ÞP0535088 kemur fram að Z áskilji sér rétt til að rukka skoðunargjald komi bilun ekki fram við skoðun/bilanagreiningu á búnaði eða bilun falli ekki undir ábyrgðarskilmála.“

V

Niðurstaða kærunefndarinnar

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og Z falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. III. kafla laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa. Ágreiningur aðila fellur að áliti kærunefndarinnar undir lög nr. 48/2003 um neytendakaup.

Samkvæmt reikningi, dags. 30. ágúst 2006, keypti álitsbeiðandi tölvuna sem um ræðir af Y sem var því seljandi tölvunnar í skilningi laga nr. 48/2003. Reynist söluhlutur gallaður getur neytandi eignast, að ákveðnum skilyrðum laganna uppfylltum, rétt til að seljandi veiti honum úrlausn vegna gallans, sbr. ákvæði 26. gr. Samkvæmt því sem fram kemur í gögnum málsins varð það fyrirtæki sem seldi álitsbeiðanda tölvuna gjaldþrota og Z keypti lausafjarmuni og birgðir úr þrotabúinu 30. nóvember 2008 en yfirtók ekki skyldur hins gjaldþrota fyrirtækis, m.a. þær sem kunna að hafa hvílt á því vegna gallaðra söluhluta. Af þessu leiðir að ekki er hægt að líta svo á að Z sé seljandi tölvunnar í skilningi laga nr. 48/2003 og því verður ekki kröfum vegna kaupa álitsbeiðanda á

tölvunni ekki beint að því fyrirtæki á grundvelli þeirra laga. Samkvæmt framansögðu verður að hafna kröfum álitsbeiðanda.

Kærufélaginn telur rétt að minna á að Z hefur boðið álitsbeiðanda að endurgreiða kostnað við viðgerð tölvunnar í febrúar sl. að frádregnum kr. 4.738.

VI

Álitsorð

Kröfum álitsbeiðanda, X, er hafnað.

Friðgeir Björnsson
formaður

Guðrún Björk Bjarnadóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir